


# um helgina



Hús og götullf í Reykjavík er myndefni Sigfúsar Halldórssonar.

## Reykjavíkarmyndir


Sigfús Halldórsson sýnir að Kjarvalsstöðum

I austursal Kjarvalsstaða hefur Sigfús Halldórsson komið myndum sínum fyrir og opnar sýningu í dag laugardag. Hann sýnir 86 myndir flestar málaðar með vatnslitum, nokkur olíumálverk og ein pastelmýnd af Vilhjálmi skáldi frá Skálholti. Allar mynd-

irnar eru frá Reykjavík, sýna hús og götulíf í gamla bænum.

Sigfús hóf að mála 16 ára gamall og hefur æ síðan gripið í pensilinn, en það þarf vart að taka fram að honum er margt til lista lagt, hann semur lög leikur á pianó og syngur.

Sýning Sigfúsar stendur til 24. ágúst og er opin daglega frá kl. 14-22. — ká



Eitt verka breska höggmyndalistamannsins Michaels Werner.

Gallery Suðurgata 7

## Samsetningar Werners

I dag laugardag kl. 15.00 opnar Michael Werner sýningu á verkum sínum í Galleri Suðurgötu 7.

Michael Werner er fæddur 1912 og stundabí myndlistarnám í París. Hann hefur kennt undanfarin ár við myndlistarskólann Watford School of Art í London. Werner hefur haldið 15 einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga víða um heim.

Einkum er Werner þekktur fyrir höggmyndir sínar, en á sýningunni í Suðurgötunni gefur að líta samsetninga p.e.a.s. verk sem mynduð eru úr fleiri en einum hlut. Werner er einn elsti myndlistarmáðurinn sem sýnt hefur í Suðurgötunni en ekki verður það séð á verkum hans. Sýningin stendur til 17. ágúst og er opin virka daga frá 4-6 og 4-10 um helgar. Verkin eru öll til sölu.

## Sænsk-amerískur kvennakór

Kór sænskættabra kvenna sem búa í Seattle í Bandaríkjunum kom til Íslands í gær. Kórinn er á hlómleikaför um nokkur Norðurlönd, og heldur hann hlómleika í Bústabakirkju í dag laugardag kl. 17.00.

I ferð með kvennakórnum sem gestur er vestur-Íslendingurinn Dr. Edward Palmi Pálmason og mun hann syngja einsöng á hlómleikum með kórnum, auk þess mun hann syngja nokkur einsöngslög.

Dr. Edward Palmi er læknir að mennt frá Háskólanum í Oregon. Hann hóf söngferil sinn við Háskólann í Wasington. Samhlíða læknisstörfum hefur hann sungið á Skandinavískum tónlistarháttum vestan hafs, svo og með Seattle Opera, og Sinfóníuhljómsveitum í Spokane, Vancouver og Oregon auk þess sem hann hefur sungið einsöng við fjölda annarra tækifæra.

## Valtýr Péturs sýnir í Þrastalundi

Valtýr Pétursson listmálari hefur opnað málverkasýningu á nýjum verkum sínum í Veitingastofunni Þrastalundi v/Sog.


Á sýningunni verða 25 olíumálverk og er þetta sjöunda sýning Valtýs í Þrastalundi. Hefur þessi árlega sýning Valtýs vakið athygli gesta. Valtýr sýndi í París á þessu ári.

Sýningin mun standa til 17. ágúst.

## Spilað í Skálholti

Um verslunarmannahelgina verða haldnir þrennir samartónleikar í Skálholtskirkju, á laugardag, sunnudag og mánudag og hefjast þeir kl. 15 alla dagana. Að þessu sinni leika Manuela Wiesler og Helga Ingólfssdóttir sönötur fyrir flautu og sembal eftir Badi, Händel og Telemann.

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og þess má geta að messað verður í Skálholtskirkju kl. 17 á sunnudag. Hér er um tilvalið tækifæri að ræða fyrir þá sem eiga leið um á Skálholtslóðum um helgina en auðvitað einnig fyrir þá sem vilja taka sér máturega langan bíltúr út fyrir bæinn og fá góða tónlist í kaupþæti við fagurt umhverfi og væntanlega gott veður.



Sveinn Björnsson málur með olíulitum, bæði lítil verk og stór.

## Sjór og sálarlíf

Sveinn Björnsson að Kjarvalsstöðum

Sveinn Björnsson listmálari opnar málverkasýningu að Kjarvalsstöðum í dag, laugardag. Hann sýnir um 50 olíumyndir og milli 30 og 40 pastelmýndir.

Sveinn var að ganga frá sýningunni þegar blaðamenn litu inn á Kjarvalsstaði. Sveinn sagði að hann hefði haldið fjölda sýninga, bæði hér heima, í Danmörku og Þýskalandi. Síðast sýndi hann 1978 í Danmörku. Hann stundaði nám við Akademiuna í Höfn '56-'57 en hefur að mestu málað í frístundunum þegar tóm hefur gefist frá brauðstritinu.

Sjórinn og sjómanslíf blasti við á mörgum myndanna í salnum og því spurði ég Svein hvers vegna það efni væri honum svo hugleikið?

„Ég var árum saman á sjónum, reyndi meira að segja að mála á hafi úti, ég hef skipstjóraréttindi


og sjórinn var mín akademía. Það var einu sinni sagt að ég hefði blágrænt sálarlíf“ sagði Sveinn.

— Hvar málarðu og er ekki dýrt að vera listmálari, einkum þegar svona stórar myndir eu gerðar?

„Jú það er geysidýrt að mála og að sýna. Þess vegna fara svona stórar myndir út í grafík. Eg er yfirleitt fljótur að mála, en það er þó misjafnt. Stóra sjávarmyndin þarna (Sveinn bendir á stóra mynd sem hangir fyrir enda salarins) tók mig um 5 ár. Olíulitirnir eru dýrir og striginn er dýr, en ég vil heldur mála það sem mér sýnist. Eg hef vinnustofu út í Krisuvík, þar er ró og friður“.

Sýning Sveins er ein af þremur sýningum sem nú standa yfir að Kjarvalsstöðum, Hún er opin daglega frá kl. 14-22 og stendur til 24. ágúst.

— ká



Dagur Sigurðarson með eitt verka sinna, hann sýnir næstu viku í Djúpinu.

## Dagur er í Djúpinu

Dagur Sigurðarson opnar sýningu á 24 myndum í Djúpinu í dag laugardag kl. 3. Galleri Djúpið er að Hafnarstræti 15 í kjallara „Hornsins“ Myndirnar eru málaðar á síðustu þremur árum, flestar gerðar með akrýllitum á pappír. Það er nokkuð um líðið síðan Dagur hefur haldið sýningu á verkum sínum, enda hefur hann dvalið langdvölum erlendis undanfarin ár.

Sýningin stendur til 13. ágúst og er opin alla daga frá kl. 11-23.

— ká

